



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is
skipulag@skipula.is

Selfossi, 17. maí 2023
2304042HS SG

Efni: Nesbúegg, Læk, Rangárþingi ytra - Umsögn um tilkynningu

Þann 4. apríl sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar uppbyggingar á hænsnabúi að Læk 2 í Holtum, Rangárþingi ytra.

Um er að ræða uppbyggingu hænsnabús á um 3,5 ha svæði. Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir svæðið og er þar gert ráð fyrir varphúsi og öðrum þeim mannvirkjum sem þarf til eggjaframleiðslu. Gert er ráð fyrir allt að 25.000 fuglum. Lækur 2 er skilgreind sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi.


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Þó er bent á eftirfarandi:

1. Undir lið 2.7 í greinargerðinni er nefnt að malarnáma á jörðinni merkt E23 sé 3 ha að stærð og heimilt að taka 150 þús m³ af efni í henni. Áætluð efnisþörf sé um 8.000 m³. Aðalskipulag í sjálfu sér veitir ekki heimild til efnistöku. Afla þarf framkvæmdaleyfis frá viðkomandi sveitarfélagi auk þess sem naman er starfsleyfisskyld hjá heilbrigðiseftirliti. Umrædd náma telst vera stór náma.

Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir *Eldi alifugla* með 40.000 stæði fyrir alifugla eða færri skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. **efnisnámi**, landmótun og verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 9. maí 2023
MÍ202305-0062/ 6.07 / K.M.

Efni: Lækur 2 í Holtum í Rangárþingi ytra. Hænsnabú.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 5. apríl s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð framkvæmdaaðilans kemur fram að á jörðinni Læk 2 í Holtum er fyrirhuguð uppbygging á hænsnabúi á um 3,5 ha svæði. Umrætt skipulagssvæði er staðsett nálægt sveitarfélagsmörkum Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, skammt frá Þjórsá. Til stendur að byggja allt að 3.000 m² hús fyrir varphænur og önnur mannvirki tengd hænsnabúi. Gert er ráð fyrir að húsið muni rúma allt að 25.000 fugla. Heimilt verður að byggja allt að 400 m³ hauggeymslu sem mun rúma allt að 6 mánaða birgðir af hænsnaskít. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig hauggeymsla verður útfærð. Mögulega verður hún steinsteypt, að hálfu niðurgráfin og yfirbyggð. Umhverfis nýjar byggingar verða gerð plön. Gert er ráð fyrir að taka efni vegna framkvæmdarinnar úr malarnámunni E23 sem er á jörðinni. Náman er í gildandi aðalskipulagi. Stærð hennar er um 3 ha og þar er heimilt að taka allt að 150.000 m³ af efni. Áætluð efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er um 8.000 m³.

Eins og fram kemur í greinargerðinni er unnið að deiliskipulagi fyrir Læk 2. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur byggingareitum þar sem núverandi íbúðarhús stendur (B2) og þar sem hæsanbúið á að rísa (B1), sjá mynd 7 í greinargerð.

Fjallað er um fornleifar í kafla 3.4 í greinargerð framkvæmdaaðilans. Eins og þar kemur fram eru heimildir um þrjú mannvirki innan byggingareits B1, hesthús (RA-392:004), lambhús (RA-392:005) og Fornufjós (RA-392:008). Þá segir að ekki verði hróflað við minjum eða helgunarsvæði þeirra nema í samráði við Minjavörð Suðurlands.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um tillögu að deiliskipulagi Lækjar 2 með bréfi til Rangárþings ytra dags. 18.11.2022. Skipulagstillagan náði

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

til tveggja byggingareita á og við gamla bæjarhólinn á Læk 2. Megin athugasemdir stofnunarinnar vörðuð fyrirhugaðar framkvæmdir á bæjarhólnum sjálfum, byggingareit B2.

Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2014, *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla III*. Í I. bindi skýrslunnar er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðinni Læk og í II. bindi er minjakort sem sýnir staðsetningu fornleifa á jörðinni. Engar fornleifar eru skráðar á náumsvæði E23.


Fornufjósúsum (RA-392:008) er þannig lýst í skýrslu Fornleifastofnunar: *"Fornufjós heita hólur eða tóttarbrott í túninu vestan við bæinn," segir í örnefnalýsingu. Þúst Fornufjósá er um 65 m vestan við bæ 001. Stór skemma er fast norðaustan við þústina, líklega hlaða eða fjós. Vegir liggja umhverfis þústina og er hún í dálítilli lægð sem að líkindum hefur myndast við vegagerðina. Þústin er um 14x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 1 m hæð þar sem hæst er. Þústin er algróin og er ekki hægt að greina útlínur hólfa í mannvirkinu. Andrés Eyjólfsson, heimildamaður, greindi frá því að fyrst eftir að hann og kona hans komu á jörðina hafi þau verið að reyna að fylla upp í lægðina sem þústin er í og sett þarna möð og annað tilfallandi. Þá gerðist það að kýrnar urðu trylltar, vildu ekki fara inn í hús og þar fram eftir götunum. Þá kom til þeirra maður sem sagði þeim að taka draslið af Fornufjósúsum og gerðu þau það og urðu ekki vör við neitt slíkt aftur.*

Búið er að byggja töluvert vestan og suðvestan við núverandi íbúðarhús og raska þannig hluta svæðisins innan byggingareits B1. Nákvæm staðsetning nýrra bygginga innan byggingareitsins er ekki sýnd á skipulagsuppdraetti. Ekki er heldur tilgreint hvar staðsetja á hauggeymslu innan skipulagssvæðisins.

Framkvæmdasvæðið er innan gamla heimatúns Lækjar. Þó ekki sjáist lengur merki um fornleifar á yfirborði gætu leifar mannvirkja og mannvistarlaga leynst undir sverði. Minjastofnun Íslands telur að áður en farið er í jarðrask á svæðinu þurfi að kalla til fornleifafræðing til að hafa eftirlit með framkvæmdunum. Ef leifar mannvirkja og/eða mannvistarlaga koma í ljós gæti þurft að stöðva framkvæmdir á meðan frekari rannsóknir eru gerðar. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að fengin verði fornleifafræðingur til að grafa könnunarskurði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði áður en framkvæmdir hefjast. Niðurstöður slíkrar rannsóknar gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á staðnum áður en framkvæmdir innan svæðisins hefjast. Þannig mætti koma í veg fyrir að stöðva þurfi framkvæmir eftir að þær eru hafnar. Minjastofnun minnir á ákvæði 28. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) en þar segir: *Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.*

Fyrir liggur fornleifaskráning á framkvæmdasvæði fyrirhugaðs hænsnabús á jörðinni Læk 2 í Rangárþingi ytra. Að því gefnu að gengið verði á kröfum Minjastofnunar Íslands sem fram koma hér að ofan telur stofnunin að ofangreind framkvæm skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jón smári Jónsson (jon.smari.jonsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 12 2303036 - Lækur 2. Mat á umhverfisáhrifum.

Til : Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Frá : Jón Smári Jónsson
Heiti : Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 12 2303036 - Lækur 2. Mat á umhverfisáhrifum.
Málsnúmer : 202303043
Málsaðili : Efla hf
Skráð dags : 02.05.2023 00:00:00
Höfundur : Jón Smári Jónsson

Góðan dag

Hér er niðurstaða frá fundi Skipulags- og umferðarnefndar frá í morgun, birt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar en fundur þeirra verður 10. maí nk.

2303036 - Lækur 2. Mat á umhverfisáhrifum.

Tilkynning framkvæmdaaðila til Skipulagsstofnunar.

Nesbúegg ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 3. apríl 2023, um fyrirhugaða uppbyggingu á hænsnabúi að Læk 2 í Holtum, Rangárþingi ytra skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að umsagnaraðili gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Skipulags- og umferðarnefnd telur að greinilega sé brugðist við þeim áhrifum sem umrædd framkvæmd kunní að hafa á umhverfi sitt með þeim hætti að ekki verði um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsnefnd telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í framlagðri greinargerð með tilkynningunni. Umhverfisáhrif hafa verið lágmörkuð með fullnægjandi mótvægisáðgerðum og vöktun. Skipulagsnefnd telur því að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Birgir Haraldsson

Skipulagsfulltrúi

UST RE Beiðni um umsögn - Uppbygging hænsnabús að Læk 2 í Holtum

Til : Jón Smári Jónsson - SLS; Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Heiti : UST RE Beiðni um umsögn - Uppbygging hænsnabús að Læk 2 í Holtum
Málsnúmer : 202303043
Málsaðili : Efla hf
Skráð dags : 24.04.2023 00:00:00
Höfundur : Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Viðhengi [image005.jpg](#)
[image004.png](#)
[image003.png](#)

Góðan dag,

Umhverfisstofnun mun aðeins veita umsagnir þegar stofnunin er í lögum falið að vera umsagnaraðili nema talið sé sérlega mikilvægt að stofnunin veiti umsögn.

Umhverfisstofnun lögbundinn umsagnaraðili við gerð frummatsskýrslu framkvæmdaraðila, skv. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá er Umhverfisstofnun lögbundinn umsagnaraðili þegar stofnunin er leyfisveitandi, svo sem samkvæmt 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. **Með hliðsjón af framangreindum ákvæðum mun stofnunin ekki veita umsögn.** Aftur á móti telji Skipulagsstofnun mikilvægt að Umhverfisstofnun veiti umsögn um ofangreinda framkvæmd getur Skipulagsstofnun óskað sérstaklega eftir umsögn með vísan í sérstakt mikilvægi.

Bestu kveðjur, Best regards
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri
Teymi starfsleyfa og umsagna



From: Umhverfisstofnun
Sent: miðvikudagur, 5. apríl 2023 14:58
To: Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Subject: FW: Beiðni um umsögn - Uppbygging hænsnabús að Læk 2 í Holtum

UST202304-056

Bestu kveðjur, Best regards
Ingibjörg Ingadóttir
Skjalastjóri, Records manager
Svið þjónustu og fjármála, Department of Service and Finance



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
www.ust.is

2304191 - RE Beiðni um umsögn - Uppbygging hænsnabús að Læk 2 í Holtum

Til : Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Frá : Brigitte Brugger - MAST <brigitte.brugger@mast.is>
CC : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Heiti : 2304191 - RE Beiðni um umsögn - Uppbygging hænsnabús að Læk 2 í Holtum
Málsnúmer : 202303043
Málsaðili : Efla hf
Skráð dags : 08.05.2023 00:00:00
Höfundur : Brigitte Brugger - MAST
Viðhengi [image001.jpg](#)

Sæll Jón Smári

Matvælastofnun hefur mótttekið erindi.

Stofnunin hefur eftirfarandi athugasemdir um greinagerð EFLU frá 8.2.2023 með breytingu frá 3.4.2023.

1. Það kemur ekki fram í skýrslunni nákvæmlega hvað felst í fyrirhugaðri uppbyggingu á hænsnabúi, það er að segja hvort það standi til að halda eingöngu fullorðnar varphænur eða hvort það standi líka til að ala upp unghænur. Það er þess vegna ekki ljóst hvort það sé gert ráð fyrir 25.000 fullorðnar varphænur eða fugla samtals ef einnig verða haldnar unghænur á staðnum. Það væri æskilegt að fá það skýrt, til að átta sig betur á umfang starfseminnar og einnig þar sem það hefur áhrif á magn úrgangs eða drits sem til fellur.
2. Í kafla 4 kemur fram að starfsemi verði með allt að 25.000 fugla og sé því ekki um þauleldisbú að ræða. Hér vantar tilvitnun í skilgreiningu á þauleldisbúi og hvaða reglur gilda um þauleldisbú til að átta sig betur á því hvaða áhrif það hefur hvort um þauleldi sé að ræða eða ekki.
3. Í kafla 2.6 um úrgang kemur fram að dauðir fuglar verða geymdir í lokuðum körum/gámum sem verða losaðir reglulega og fargað á viðurkenndan hátt.
Matvælastofnun telur nauðsynlegt að skilgreind verði hvaða aðili það er sem sér um losun gámana og í hvaða förgun hræin fara. Ef þau fara ekki förgun þarf að gera grein fyrir í hvaða nýtingu þau fara.

Umrædd starfsemi er háð starfsleyfi Matvælastofnunar skv. 9.gr. laga nr. 93/1995 um matvæli (sbr.20.gr. og a-lið 6.gr. sömu laga), fyrir frumframleiðslu á eggjum.

Matvælastofnun veitir gjarnan frekari upplýsingar sé þess óskað.

Með kveðju,

Brigitte Brugger

Nákvæm staðsetning nýrra bygginga er ekki sýnd innan byggingareits B1.

Byggingareitur er hafður rúmur svo hægt sé að koma byggingum vel fyrir og ef skildu finnast minjar undir yfirborði þá sé svigrúm til að hnika byggingum til án þess að breyta þurfi deiliskipulagi og stækka/færa byggingareit. Byggingar verða staðsettar á afstöðumynd aðaluppráttar þegar hönnun þeirra liggur fyrir.

Ekki er tilgreint hvar á að staðsetja hauggeymslu.

Þar sem hauggeymsla verður steipt þá verður hún innan byggingareits. Um hana gildir það sama og önnur mannvirki að hún verður staðsett á afstöðumynd aðaluppráttar þegar hönnun hennar og hæsnahúss liggur fyrir.

Framkvæmdasvæðið er innan gamla heimatúns Lækjar. Minjar gætu leynst undir sverði og telur Minjastofnun að áður en farið er í jarðrask á svæðinu þurfi að kalla til fornleifafræðing til að hafa eftirlit með framkvæmdum. Einnig er sá möguleiki að fenginn verði fornleifafræðingur til að grafa könnunarskurði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði áður en framkvæmdir hefjast. Niðurstöðurnar gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir.

Í kafla 3.4. í fyrirspurninni eru þekktar minjar taldar upp. Tekið er fram að ekki verði hróflað við minjum eða helgunarsvæði þeirra, nema í samráði við Minjavörð Suðurlands. Einnig er tekið fram að haft verði samráð við Minjavörð áður en farið verður í framkvæmdir á bæjartorfunni. Minjavörður getur þá sett skilmála fyrir framkvæmdina ef þurfa þykir.

RE Lækur 2. í Holtum - Fyrirspurn SLS

Til : Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Frá : Ingibjörg Sveinsdóttir <ingibjorg.sveinsdottir@efla.is>
CC : Anne Bruun Hansen <anne.bruun.hansen@efla.is>; Guðmundur Hjaltason <gudmundur.hjaltason@efla.is>
Heiti : RE Lækur 2. í Holtum - Fyrirspurn SLS
Málsnúmer : 202303043
Málsaðili : Efla hf
Skráð dags : 22.05.2023 00:00:00
Höfundur : Ingibjörg Sveinsdóttir <ingibjorg.sveinsdottir@efla.is>
Viðhengi [image003.jpg](#)
[image002.png](#)

Sæll Jón Smári

Á mynd 1 í kafla 2.2. er sýnd fjarlægð til næstu bæja og þeir merktir á loftmyndina. Það er tekið fram hvað hringirnir á myndinni eru langt frá Læk. Rúmlega 1 km er að Langholti og um 1,7 km að Stúfholtshjáleigu. Aðrir bæir eru fjær.

Síðan er tekið fram að rúmi 4 km séu að næsta bæ hinu megin Þjórsár, en þeir bæir sjást ekki á myndinni.

Við erum að vinna í að svara umsögn Mast.



**INGIBJÖRG
SVEINSDÓTTIR**

Landfræðingur B.Sc.

RE 2304191 - RE Beiðni um umsögn - Uppbygging hænsnabús að Læk 2 í Holtum

Til : Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Frá : Ingibjörg Sveinsdóttir <ingibjorg.sveinsdottir@efla.is>
CC : Anne Bruun Hansen <anne.bruun.hansen@efla.is>;Guðmundur Hjaltason <gudmundur.hjaltason@efla.is>
Heiti : RE 2304191 - RE Beiðni um umsögn - Uppbygging hænsnabús að Læk 2 í Holtum
Málsnúmer : 202303043
Málsaðili : Efla hf
Skráð dags : 23.05.2023 00:00:00
Höfundur : Ingibjörg Sveinsdóttir <ingibjorg.sveinsdottir@efla.is>
Viðhengi [image005.jpg](#)
[image004.jpg](#)
[image003.png](#)

Sæll Jón Smári

Hér koma svör við umsögn Matvælastofnunar.

Það kemur ekki fram í skýrslunni nákvæmlega hvað felst í fyrirhugaðri uppbyggingu á hænsnabúi, það er að segja hvort það standi til að halda eingöngu fullorðnar varphænur eða hvort það standi líka til að ala upp unghænur. Það er þess vegna ekki ljóst hvort það sé gert ráð fyrir 25.000 fullorðnar varphænur eða fugla samtals ef einnig verða haldnar unghænur á staðnum. Það væri æskilegt að fá það skýrt, til að átta sig betur á umfangi starfseminnar og einnig þar sem það hefur áhrif á magn úrgangs eða drits sem til fellur.

Ekki er áætlað að vera með unghænur á Læk heldur einungis 25.000 fullorðnar varphænur.

Í kafla 4 kemur fram að starfsemi verði með allt að 25.000 fugla og sé því ekki um þauleldisbú að ræða. Hér vantar tilvitnun í skilgreiningu á þauleldisbúi og hvaða reglur gilda um þauleldisbú til að átta sig betur á því hvaða áhrif það hefur hvort um þauleldi sé að ræða eða ekki.

Í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit kemur fram að þéttbært eldi alifugla fyrir fleiri en 40.000 pláss fyrir alifugla sé starfsleyfis skyld til Umhverfisstofnunar. Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB en í tilskipununni eru sömu viðmið skilgreind fyrir þéttbært eldi alifugla. Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana er talað um þauleldi sem þéttbært eldi og því er það orðalag notað hér.

Í kafla 2.6 um úrgang kemur fram að dauðir fuglar verða geymdir í lokuðum körum/gámum sem verða losaðir reglulega og fargað á viðurkenndan hátt.

Matvælastofnun telur nauðsynlegt að skilgreint verði hvaða aðili það er sem sér um losun gámanna og í hvaða förgun hræin fara. Ef þau fara ekki förgun þarf að gera grein fyrir í hvaða nýtingu þau fara.

Hræ verða flutt á förgunarstöð með gilt starfsleyfi. Skv. 7. gr. reglugerðar um urðun úrgangs þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir urðun dýrahreja. Sjálfdauðir fuglar fara í sér gám sem losaður verður af íslenska Gámafélaginu. Aflífaðir fuglar fara í kjötmjölframléiðslu.

Sérstakar ráðstafanir þarf ef upp kemur alvarleg sýking á búinu, skal það tilkynnt til MAST.



INGIBJÖRG
SVEINSDÓTTIR

Landfræðingur B.Sc.

From: Jón Smári Jónsson - SLS
Sent: miðvikudagur, 17. maí 2023 10:54
To: Ingibjörg Sveinsdóttir
Cc: Anne Bruun Hansen ; Guðmundur Hjaltason
Subject: FW: 2304191 - RE: Beiðni um umsögn - Uppbygging hænsnabús að Læk 2 í Holtum

Sæl Ingibjörg,

Með vísun í umsögn Matvælastofnunar dags. 8. maí sl. þá rak ég nýverið augun í hafa ekki óskað sérstaklega viðbragða framkvæmdaraðila við umsögninni, þrátt fyrir umsögnin beri það með sér að bregðast þurfi við.

Varðandi út af standandi umsagnir, þá skortir okkur enn umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, þrátt fyrir ítrekun þess efnis.

Bestu kveðjur,